

nafnaskrá en í sárabót er listi yfir nokkur rit sem komið hafa út um landhelgismálin á undanförnum árum. Þetta er til boga fyrir þá fræðimenn sem ætla sér að nota bókina og þá sem vilja kynna sér einhverja þætti nánar, en mér er hins vegar mjög til efs að nokkur maður hætti við að lesa hana þótt þar væri að finna neðan- eða aftanmálsgreinar og skrár í bókarlok. Slíkur lesandi væri hvort sem er ólíklegur til að líta í bókina þótt ekkert slíkt væri þar að finna. Algert lágmark er að hafa heimilda- og nafnaskrá í lokin, þ.e. ef verið er að taka saman yfirlit um eitthvað sem rækkilega hefur verið fjallað um áður. Því er þó ekki að heilsa í þetta skipti. Staðreyndin er nefnilega sú að í bókinni er dreginn fram fjöldinn allur af atriðum sem lítt eða ekki hafa verið á vitorði manna til þessa. Höfundur sýnir, svo dæmi sé tekið, fram á það með ótvírvæðum hætti að breska stjórnin stóð við bakið á togaraeigendum þegar þeir settu löndunarbann á íslenskan fisk í 4ra mílna deilunni og hvatti heldur til stórræðanna en latti. Einnig mætti nefna tillögu breska sjóhersins við upphaf 50 mílna deilunnar um að ráðast á íslensku varðskipin og gera þau óvirk. Sem betur fór hófnuðu stjórnmalamennt þessari vitfirru hugmynd, en sú spurning vaknar hvort hún hafi verið sett fram í alvöru. Getur hugsast að tillagan hafi verið sett fram til að hræða stjórnmalmenntina og ýta undir að leitad yrði diplómatiskskra lausna í stað herra aðartrega? Vitað er að breski sjóherinn var ófús að leggja freigátur sínar í hættu á Íslandsmiðum og faldi þær illa fallnar til togatragæslu. Hér hefði þurft að vísa til heimilda. Fleira mætti tína til, en rýmið leyfir það ekki. Það er von mín að fræðimenn hætti að óttast andtúð „hins almenna lesanda“ á neðanmálsgreinum og heimildaskráum og noti slík tæki framvegis þegar þeirra er þörf.

Að sjálfstöðu er ekki hægt að koma öllu fyrir í stuttu yfirlitsriti um jafn mikilvægt mál og hér er til umfjöllunar. Eitt af því sem hefði að ósekju mátt gera rækkilegru skil eru hin fiskifræðilegu rök íslenskra stjórnvalda, sem ávallt voru í brennipunkti í málflutningi þeirra í öllum deilunum. Svarta skýrslan, sem svo var kölluð, hristi svo samarlega upp í þjóðinni þegar hún kom út haustið 1975 og átti án efa sinn þátt í harðri afstöðu alls almennings í 200 mílna deilunni. Fólk óttaðist í raun og veru að verið væri að elstast við síðasta þorskinni í sjónum.

Fengur hefði einnig verið að sjá landhelgisdeilur Íslendinga og Bretar settar í skýrara samhengi við heimsvaldastefnu þeirra síðarnefndu, sem tók talsverðum breytingum á því tímabili sem hér um ræðir; í stað þess að leggja þjóðir og lönd beint undir vald sitt tryggðu þeir sér aðgang að hrafnum með öðrum og óbeinni hætti.

Í bókarlok líður höfundur svo yfir farinn veg og veltir upp áleitnum spurningum varðandi átökin og slátrar ýmsum heilögum kúm, svo sem mýttunni um samstöðu Íslendinga í stríðunum þremur en harla lítið fór fyrir henni nema þegar Bretum tókst að sameina þjóðina gegn sér með fauta-skap. Einnig var þarft verk að minna á lúalega framgöngu alltof margra íslenskra sjómanna sem nýttu sér fjarveru varðskipanna meðan á átökunum

vel nýttar. Þó að hátt í tugur einstaklinga hafi komið að ritum þessarar bókar er texti hennar vel samræmdur og leggst sá þáttur saman við aðra til að gefa bókinni heildstætt og vandað yfirbragð.

*Hrafnikell Lárusson*

Guðni Th. Jóhannesson, ÞORSKASTRÍÐIN ÞRjú. SAGA LANDHELGISMÁLSINS 1948–1976. Hafréttarstofnun Íslands. Reykjavík 2006. 171 bls. Myndir og myndaskrá. — Guðni Th. Jóhannesson, SYMPATHY AND SELF-INTEREST. NORWAY AND THE ANGLO-ICELANDIC COD WARS. Institutt for forsvarsstudier. 1/2005. Oslo. 148 bls.

Það er óumdeilt að útfærsla íslensku fiskveiðilögsögunnar var eitthvert mikilvægasta hagsmunamál þjóðarinnar á síðari hluta 20. aldar. Á undanförnum árum hefur skjalaleynd verið létt af flestum opinberum gögnum um þetta efni, bæði hér á landi og erlendis, og jafnframt hafa verið gefin út allmörg rit þar sem landhelgisbaráttunni eru gerð skil, jafnt ævisögur þeirra sem þátt tóku í átökunum og fræðirit. Ekki eru þó öll kurl komin til grafar og sitt lífið af hverju á efalaut eftir að koma í ljós á næstu árum. Fram að þessu hefur þó tilfírnalega vantað stutt yfirlitsrit þar sem fjallað væri um útfærslu landhelginnar og þorskastríðin á 20. öld. Úr því hefur nú verið bætt þar sem út er komin á vegum Hafréttarstofnunar *Þorskastríðin þrjú* eftir Guðna Th. Jóhannesson, en hann er um þessar mundir einn fremsti sérfræðingur okkar um sögu landhelgismálsins.

*Þorskastríðin þrjú* hefst á stuttu yfirliti um stefnur og strauma í hafréttarmálum frá miðöldum til vorra tíma auk þess sem fiskveiðum Englendinga við Ísland gegnum aldirnar eru gerð skil. Að því búnu snýr höfundur sér að meginefni bókarinnar og rekur þróun landhelgismálsins frá setningu landgrunnslaganna þar til síðasti breski togarinn sigldi út fyrir 200 mílunum ar 1. desember 1976. Eins og gefur að skilja fjallar bókinn mest um þau stjórnunarmálaátök sem urðu í þorskastríðunum, jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi, og svo átökin á miðunum. Hvort tveggja er hið æsilegasta umfjöllunarefni enda tekst höfundur ljómandi vel að gera frásögruna hraða og spennandi þannig að bókinn er á köflum hinn besti skemmtilestur, jafnvel fyrir þá sem hafa engan sérstakan áhuga á landhelgismálum.

Samt er það nú svo að flest orkar tvímælis þá gert er og svo er einnig um þessa bók. Eitt af því sem höfundur þessara orða hefur aldrei skilið er hvers vegna fræðimenn henda iðulega burt öllum fræðilegum hjálpartækjum þegar þeir telja sig vera að semja alþjóðleg fræðirit, en sá háttur er einmitt hafður á í þessari bók. Aftast er því hvorki að finna heimilda- né

við Breta stóð og fiskuðu grímt innan landhelginnar, jafnvel á friðuðum svæðum. Með nokkrum rétti mátti kalla þessa iðju höfundar endurskoðunarstefnu, *revisjónisma*. Stundum er þó sem þessi stefna leiði hann í öng-straeti. Svo dæmi sé tekið velir hann því víða fyrir sér hvort ekki hefði verið mögulegt að semja á þessum eða hinum tímupunkti og hann metur greinilega mikils þá íslensku stjórnmálamenn sem fúsastrí voru til samkomulags við Breta, t.d. Geir Hallgrímsson. Það var „laftægt að semja“, sagði íslenskur embættismaður einhverju sinni, en samt varð ekkert úr samningum. Það er nefnilega þannig í hita samningaviðræðna að oft velir litil þúfa þungu hlassi og það sem í endurliti virðist smáatriði verður við samningaborðið óyfirsýanleg hindrun. Af þessu tilefni rífast upp kjara- viðræður Flugfreyjufélagsins og Flugleiða fyrir nokkrum árum sem litlu munandi að færu í óleysanlegan hnút út af sokkabuxnaperingum. Ekki má heldur gleyma því að málið lítur talsvert öðruvísi út frá sjónarhóli stjórnmálamanns, sem á allt sitt undir hæstvirtum ljósendum sem eru jafn óútreiknanlegir og síðin, en embættismanns sem situr með skipunarbréf upp á vasann við skrifborð í ráðuneyti.

Það orðalag sem höfundur velur orkar líka stundum tvínælis þótt það skipi í raun litlu. Höfundur kallar til dæmis Alþýðubandalagsmenn á nokkrum stöðum „allaballa“, sem var eins konar gælunafn sem þeir notuðu stundum á sjálfa sig og sumir andstæðingar þeirra tóku upp í ríðeildum þegar þeir vildu tala niður til þeirra. Alþýðufloksmenn eru og stundum kallaðir kratar, en athyglisvert er að sjálfstæðismenn eru aldrei kallaðir íhaldið heldur fá að halda sínu formlega nafni.

Í bókarlök er svo efirmáli eftir Tómas H. Heiðar þar sem hann dregur saman það helsta sem gerst hefur í þróun hafréttar- og landhelgismála síðan 1976, gagnlegt yfirlit sem sýnir glögg að ekki voru öll mál í höfn þótt þúð væri að færa út í 200 mílur.

*Þorskastríðin þrjú* er ríkulega og smekklega myndskreytt, jafnt með ljósmyndum og skopmyndum úr íslenskum og erlendum blöðum. Í röstuðum rammagreinum er vakin athygli á mikilvægum atriðum úr ýmsum frumheimildum en þar er einnig að finna ýmiss konar léttmeti ásamt dæmum um kvæðskap sem tengist þorskastríðunum. Þótt sumt af því sé harla leikernt er gaman að glugga í þennan vitnisburð um tíðarandanum. *Þorskastríðin þrjú* er tvímælalaust bók sem ætti að vera í höndum allra áhugamanna um sjávarútvegsmál.

Norðmenn hafa löngum haft gott orðspor sem milligöngumenn í alþjóðadeilum. Hnyttinn norskur embættismaður sagði einhverri tíma að þessi góði orðstír endurspeglði upplýsta eiginhagsmunu þjóðarinnar. Það má með sannri segja að slík viðhorf hafi einkennt framgöngu Norðmanna í þorskastríðum Breta og Íslendinga því norsk-stjórnmöld gerðu ítrekaðar tilraunir til að ganga á milli og setta þessa þverhunduðu bandamenn sína í NATO, en ávallt á eigin forsendum.

Árið 2005 kom út á vegum Ramsókunarstofnunar í vanaamaldum (Institutt for forsvarsstudier) í Oslo lítil bók eflir Guðna Th. Jóhannesson sem ber heitið *Sympathy and Self-Interest* og fjallar um aðkomu Norðmanna að fiskveiðideilum Íslendinga og Breta. Ölikt *þorskastríðunum þremur* er þetta harðnúið fræðirit sem fjallar um afmarkaðan þátt í þorskastríðunum. Ramsókun er byggð á frumheimildum sem flestar eru úr förum norska utanríkisráðuneytisins og er vísað til þeirra í neðanmálsgreinum. Sérstök heimildaskrá er ekki í bókinni og kemur ef til vill ekki að sök í svo stuttri bók, en óneitanlega hefði verið fengur að skrá sem gæfi í sjónvending yfir lit yfir heimildurnar.

*Sympathy and Self-Interest* hefst á skoplegri lýsingu á viðkvæmni og minnimáttarkennid Íslendinga gagnvart Norðmönnum, einkum hvað varðar ar Leif Eiríksson og fund Vínlands. Að því búnu eru rakin inngrip norskra stjórnmála í fiskveiðiteilur Íslendinga og Breta allt frá útfærslunni í fjórar mílur þar til samið hafði verið um 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslendinga í Oslo vorið 1976. Guðni sýnir fram á að það sem rak Norðmenn áfram voru einkum áhyggjur af þeim afleiðingum sem áttökun kynnu að hafa fyrir valdajafnvægi á norðurslóðum, einkum þegar Íslendingar fóru að höta bandaríska hernum á Miðnesheiði brottrekstri. Það sem Norðmenn úr öll-flokkum öttuðust mest var að þeir sjálfir sætu uppi með bandaríska hernum í Íslendingar segðu upp herstöðvarsamningnum við Bandaríkinn þetta viðhorf kom jafnvel fram hjá þeim sem í orði kveðnu studdu málað íslenskra herstöðvaandstæðinga.

Það fer þó ekki milli mála að Norðmenn höfðu samúð með málað íslendinga og þeir tóku að sér að gæta hagsmuna þjóðarinnar í London eftir að sjómúlasambandi Bretlands og Íslands var slitið fyrri hluta árs 1976. Framganga Norðmanna var og á köflum með þeim hætti að bresk stjórnmöld voru ekki viss um hvort hægt væri að treysta þeim sem meðalgöngu-mönnum í deilunni, töldu þá of hiðholla Íslendingum. Í Noregi var þó samúðin með Íslendingum líklega meiri meðal almennings en embættis- og stjórnmálamanna.

Síðasti hluti bókarinnar fjallar um Osloarviðræðurnar svonefndu og þátt Knuts Frydenlunds, utanríkisráðherra Noregs, í lausn 200 mílna deilunnar. Þetta er mikilvægur kafli og þyrfti að vera sem flestum aðgengilegur því þær íslensku heimildir sem tungað til hafa komið í ljós um það sem gerðist í Oslo eru harla fátaeklegar.

*Sympathy and Self-Interest* er á köflum bráðskemmtileg bók en þó fyrst og fremst forvitnilegt og gagnlegt fræðirit sem mér býður í grun að sé í alltof fárra höndum hélandis. Undirritaður leggur því eindregið til að höfundur dragi saman helstu atriðin úr heruni í samulega tímaritsgrein og birti í íslensku tímariti húð fyrsta.

Guðmundur J. Guðmundsson